

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 443/1990. **Róbert H. Jónsson**

gegn

Hermanni Kristjánssyni.

Kærumál. Frestsynjun í fógetarétti. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. nóvember 1990 og gert eftirgreindar kröfur:

„Að úrskurðinum verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að ákveða að munnlegur málflutningur skuli fram fara um kröfur gerðarþola innan hæfilegs frests.

Til vara að lagt skuli fyrir fógeta að gefa aðilum kost á að færa fram munnlega sókn og vörn um kröfur gerðarþola án sérstaks frests.

Til þrautavara að lagt verði fyrir fógeta að kveða upp rökstuddan efnisúrskurð um kröfur gerðarþola.

Loks er krafist hæfilegs kærumálskostnaðar úr hendi kærða.“

Varnaraðili krefst þess, „að kröfum sóknaraðila verði vísað frá Hæstarétti og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hinn úrskurðaða útburð“. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn kærða úrskurð hinn 23. nóvember 1990. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Ú r s k u r ð u r:

Framkominni frestbeiðni er hafnað.“

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr.

54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Hinn 4. október 1990 var uppkveðinn í máli þessu úrskurður að undangengnum munnlegum flutningi þess efnis að umkrafin útburðargerð skyldi fara fram. Málið var að nýju tekið fyrir 23. nóvember sl. að ósk gerðarbeiðanda, sem krefst þess að úrskurðurinn verði framkvæmdur.

Í því þinghaldi lagði gerðarþoli fram greinargerð þar sem hann gerir þær kröfur:

Aðallega, að framkvæmd á fógétagerð þeirri, sem úrskurðað var, að fram skyldi fara með úrskurði fógetaréttar Kópavogs í málinu nr. 10/1990, verði frestað þar til málsúrslit í hæstaréttarmálinu nr. 374/1990: Róbert H. Jónsson gegn Hermanní Kristjánssyni liggja fyrir.

Til vara er þess krafist, að framkvæmd á fógétagerðinni verði frestað gegn hóflegri tryggingu samkvæmt ákvörðun fógeta þar til málsúrslit liggja fyrir í hæstaréttarmálinu nr. 374/1990: Róbert H. Jónsson gegn Hermanní Kristjánssyni.

Til þrautavara er þess krafist, að framkvæmd gerðarinnar verði frestað í þrjá mánuði frá úrskurðardegi í fógetaréttarmáli Kópavogs nr. 10/1990.

Verði umkröfðum fresti mótmælt, er krafist málskostnaðar úr hendi gagnaðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Skjöl þau sem tilgreind eru á 2. bls. greinargerðarinnar og lögð skyldu fram með henni fylgdu ekki.

Í máli þessu liggur fyrir úrskurður fógetaréttarins um að fógétagerðin skuli fara fram. Ekkert það hefur komið fram í málinu eftir að úrskurður var uppkveðinn um breytingar á viðskiptum aðilanna, sem gefi fógétanum tilefni til að hafna framkvæmd úrskurðarins frá 4. október sl.

Áfrýjun dóms bæjarþings Kópavogs í bæjarþingsmáli nr. 153/1990, hæstaréttarmálið nr. 374/1990 frestar ekki framkvæmd úrskurðar fógetaréttarins. Ekki verður heldur séð að rök séu til að ákvæði húsaleigulaga um frestun útburðargerðar eigi við í þessu tilviki.

Svo virðist að gerðarþoli sé með kröfum sínum í greinargerð á dskj. nr. 6 og munnlegum málflutningi um þær í raun að fara fram

á að leggja málið á ný að óbreyttum forsendum fyrir fógetaréttinn. Ekki verður séð að forsendur séu fyrir hendi til frestunar á framkvæmd úrskurðarins gegn andmælum gerðarbeiðanda.“

II.

Lagaheimild skortir til kærunnar. Ber að gagnálykta frá 1. töluliði j í 1. málsgrein 21. gr. laga nr. 75/1973. Gengur það ákvæði framár 3. töluliði 1. málsgreinar, sem sóknaraðili byggir á, sbr. H.1987, 1521.

Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.